

Nr. 022 / 13 Vilhelm Þorsteinsson EA 11***Skipverji slasast á nótaveiðum***

Skipaskr.nr. 2410
Smíðaður: Póllandi og Noregi 2000, stál
Stærð: 1632,5 brl. 3239 bt.
Mesta lengd: 78,96 m Skráð lengd: 69,34 m
Breidd: 15,94 m Dýpt: 9,5 m
Vél: Wärtsilä 5520 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 19

Gögn:
Gögn RNS



Vilhelm Þorsteinsson ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 18. mars 2013 var Vilhelm Þorsteinsson EA 11 á loðnuveiðum um 15 sjómílur norður af Öndverðarnesi. Veður: NA 15 m/s og dálítill sjór.

Skipverjar voru að draga pokaendann á nótinni aftur í nótakassa en nokkuð af loðnu var í netapokum inn í riðlinum. Tveir skipverjar voru aftast stjórnborðsmegin í nótakassanum að leggja niður blýteininn. Illa gekk að ná loðnunni úr pokanum þannig að gefið var meira eftir í brjóstbandið. Þegar pokinn var kominn í nótaleggjarann féll netahaugur skyndilega niður og dró loðnupokann í heilu lagi yfir nótaleggjarann. Annar skipverjinn gat vikið sér til stjórnborða en hinn náði að snúa sér undan en allur pokinn með loðnunni lenti á herðum skipverjans svo hann féll fram fyrir sig á styrktarslá lunningar. Aðrir skipverjar brugðust þegar við og náðu slasaða undan þunganum. Slasaði barðist í nokkurn tíma við að ná andanum aftur og studdu félagar hans hann inn í íbúðir.

Skipstjóri sneri strax í átt til lands og óskaði eftir aðstoð þyrilu þar sem sýnilegt var að miklir áverka væru á brjósthóli slasaða. Þyrila LHG sótti slasaða og var hann fluttur á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði sagðist ekki muna eftir aðdraganda slyssins né slysinu sjálfu nema að hann hefði átt í miklum öndunarerfiðleikum. Hann bringu- og rifbeinsbrotnaði og gat kom á annað lungað;

- að skipverji sagðist hafa horft á slasaða og séð að hann leit snögg upp í nótaleggjarann en snúið sér undan, „sett í herðarnar“, áður en hann fékk fargið ofan á sig og lagðist saman yfir stoðina undan þunganum;
- að sögn skipverja sem var framan við nótaskúffuna og horfði upp í nótaleggjarblökkina hafi komið netapoki með loðnu upp að blökkinni og verið var að reyna að losa rólega úr honum. Hann sagðist hafa tekið eftir því að nokkur netabunki hafi fallið niður úr blökkinni inni í nótarriðlinum og dregið, eða kippt, með sér loðnupokanum yfir blökkina;
- að sögn skipverjanna er það algengt að fiskur lokist inn í netapokum þegar verið er að draga nótina. Alltaf sé reynt að losa fiskinn úr með því að láta blakkirnar „spóla“ á riðlinum til að draga úr misdrætti á honum en þá er hægt að sturta fiskinum rólega niður úr niðurleggjarablökkinni nánast fisk fyrir fisk. Menn víki oftast undan en svo fá menn stundum gusur eða dreif yfir sig sem ekki hefur valdið skaða;
- að við lok dráttar og þegar pokaendinn var dreginn aftur í nótaskúffu var haldið við hann með brjóstlínunni sem er á vindu frammi á þilfari. Stjórnandi dráttarblakkarinnar heimilar hversu mikið og hratt megi slaka út af brjóstlínuvindunni svo aldrei verði hætta á því að pokaendinn falli „í frjálsum falli“ niður úr niðurleggjarablökkinni. Pokaendinn (skottið) var eftir upp í netaleggjarablökkinni, enda hélt brjóstlínunni við hann, eftir að loðnan féll í netapoka í einu lagi niður úr blökkinni;
- að sögn skipverja þá var þetta ekkert háð brjóstlínunni þar sem haldið var eðlilega við hana;
- að skipverjar sem stóðu bakborðsmegin í nótaskúffunni sögðust ekki hafa séð netið framan við niðurleggjarablökkina. En verið var að reyna að losa loðnu sem var lokuð inn í netinu og allt í einu hafi bunkinn komið í einni veifu yfir blökkina og fallið í netinu niður á slasaða sem hafði í því snúið sér snögg við;
- að sögn skipverja var netaleggjarinn staðsettur aftast í stjórnborðshorni nótakassans. Slasaði gat ekki komið sér undan þar sem hann stóð nánast undir blökkinni og rétt fyrir framan styrktarbitann;
- að sögn eins skipverjans var pokinn frekar stór og það óhefðbundna í þetta sinn hafi sennilega verið að leggjarinn hafi verið kominn heldur aftar en venjulega eða þar sem þeir lögðu niður endann á pokanum.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var misdráttur á nótinni.

Nefndin bendir á hversu varasamt er að standa undir niðurleggjarablökkinni þegar losa þarf fisk úr netpoka.